

Jón Prándur Stefánsson

Frá: Gísli Halldór Halldórsson <gislihh@arborg.is>
Sent: miðvikudagur, 9. desember 2020 13:01
Til: Jón Prándur Stefánsson
Efni: RE: Byggðakvóti

Sæll

Mér sýnist að mér hafi láðst að senda þennan póst sem ég var byrjaður á þann 18. september. Ég biðst velvirðingar á því og vona að þið takið þetta til greina. Ef frekari útlitun á þessari ákvörðun er óskað þá máttu gjarnan upplýsa mig um það.

Mér þætti einnig vænt um að fá frá þér formlega útskýringu á því hvers vegna Stokkseyri lækkar svo mikið - svo ég geti upplýst bæjarráð um það á fundi þess á morgun.

Bæjarráð bókaði með eftirfarandi hætti þann 17. september:

6. 2009640 - Fiskveiðiárið 2020-2021

Erindi frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 11. september 2020, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta. Vilji sveitarstjórn leggja til að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga skal skila rökstuddum tillögum til ráðuneytisins eigi síðar en 15. október 2020.

Bæjarráð samþykkir að útfærsla Svf. Árborgar tryggji sem fyrr að landa megi afla í Þorlákshöfn og að ekki skipti máli hvar hann er unnin innan sveitarfélagsins. Bæjarstjóra falið að tilkynna um útfærslu til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis.

[Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.pdf](#)

[Reglur 19-20 B nr 191 2020.pdf](#)

Það myndi skipta miklu máli fyrir útgerðaraðila að ég gæti upplýst þá sem fyrst um hvað gæti væntanlega komið í þeirra hlut. Þetta auðveldar þeim að semja við vinnsluna og tryggja sitt mótframlag við byggðakvótann.

Með kveðju,
Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri.



Austurvegur 2 – 800 Selfoss – Tel: +354 480 1900 – www.arborg.is

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr. 47.gr. laga nr. 81/2003 er að ræða um fjarskipti.